

## Fjölgreindaleikar Hofstaðskóla 2010

Fjölgreindaleikar Hofstaðskóla verða haldnir 9. og 10. nóvember n.k. Þá er hefðbundið skólastarf leyst upp og nemendur skólans vinna saman að fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum.

Á leikunum er fjölgreindakenning Gardners höfð að leiðarljósi.

Nemendum er skipt upp í hópa sem í eru 12-13 nemendur úr öllum árgöngum. Elstu krakkarnir eru fyrriðar. Hópurinn vinnur saman að því að leysa fjölbreytt verkefni sem reyna á ýmsar greindir. Á hverri stöð fær hópurinn stig fyrir frammistöðu og framkomu liðsmanna.



Markmið leikanna er m.a. að allir fái að njóta sín með einhverjum hætti og efla kynni við aðra í skólanum í leiðinni.

Annar daginn vinna nemendur í íþróttahúsinu og hinn daginn í skólanum samtals á 34 stöðvum.

**Báða dagana lýkur skóladegi kl. 13:45 hjá öllum nemendum.** Tómsundaheimilið Regnboginn hefst strax að loknum skóladegi fyrir þá sem þar eru skráðir. Nemendur þurfa ekki að hafa með sér skólatösku í skólann þessa daga aðeins poka/tösku með nesti. Matur verður fyrir þá sem eru í áskrift en hinir hafa með sér hádegisnesti.

### Kveðja stjórnendur Hofstaðskóla



Limbó í íþróttahúsi á fjölgreindaleikum 2009



Tónlistarstöð á fjölgreindaleikum 2009